



# BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is)  
Veffang: [www.buvest.is](http://www.buvest.is) Ábyrgðarm: Eiríkur Blöndal [eb@bondi.is](mailto:eb@bondi.is)

1. bréf, 2007.

Febrúar

## Aðalfundur BV

Stefnt er að því að halda aðalfund BV þann 29. mars næstkomandi. Nánar auglýst síðar.

## Fóðurráðgjöf

Búnaðarsamtök Vesturlands eru komin í samband við sænskan fóðurráðgjafa (Harry Eriksson) sem mun sinna fóðurráðgjöf hjá okkur vikuna 4.-8. mars. Þessi ráðgjöf mun nýtast sérstaklega vel þeim sem eru að skoða breytingar á fóðrun (t.d. heilfóður) og þeim sem leggja upp úr nákvæmisfóðrun. Ráðgjöfin stendur öllum á starfsvæði BV til boða. Um er að ræða útselda vinnu (3400 kr/klst), en ráðgjöfin fellur undir áætlanavinnu við Betri bú verkefnið. Þeir bændur sem eru þátttakendur í Betri bú verkefninu munu því ekki greiða sérstaklega fyrir vinnuna. Látíð vita ef þið hafið áhuga á að nýta ykkur þetta tilboð, á skrifstofu BV á Hvanneyri eða Ísafirði.

## Brunavarnarátak

Á formannafundi BV 2006 var samþykkt svohljóðandi tillaga um brunavarnir:

*“Formannafundur Búnaðarfélaga á starfssvæði BV, haldinn 16. nóvember 2006, felur stjórn BV í samráði við Búnaðarfélög að gangast fyrir brunavarnarátaki á starfssvæði samtakanna. Taki það m.a. til nýtingar á haugsugum, viðhalds handslökkvitækja og jafnvel kaupa á viðvörunarkerfum í gripahúsum.”*

Á stjórnarfundum BV þann 9. janúar 2007 var samþykkt að vinna að framgangi þessarar tillögu.

Búnaðarsamtök Vesturlands hafa nú þegar kynnt þessi áform fyrir sveitarfélögum og tryggingafélögum og er þessu almennt vel tekið. Nokkur sveitarfélög og eitt tryggingafélag eru með málið til skoðunar en tvö sveitarfélög og tvö tryggingarfélög eru þegar aðilar að verkefninu. Gert er ráð fyrir að farið verði yfir brunavarnir á þeim bæjum þar sem ábúendur óska þess, svo sem flóttaleiðir, slökkvibúnað og aðgengi að vatni og þar sem við á, viðbúnað vegna sinubruna. Hér er um að ræða starf þar sem bændur hafa frumkvæði að og miðast verkefnið við að auka velferð manna og dýra á bændabýlum til sveita. Guðmundur Hallgrímsson mun hafa umsjón með þessu verkefni fyrir BV.

## Bjargráðasjóður

Á síðastliðnu ári aðstoðaði BV allmarga bændur við umsóknir vegna tjóna í nautgriparækt. Segja má að í flestum tilfellum hafi þessi vinna skilað nokkrum bótum vegna þeirra tjóna sem mjólkurframleiðendur á svæðinu urðu fyrir á árinu 2005. Nú þegar hafa borist nokkrar fyrirspurnir vegna tjóna á árinu 2006 og óskað aðstoðar við umsóknir. Þar sem lokauppgjóri á kúaskýrslum er nú nýlokið verður unnt á næstu dögum að fá gögn frá BÍ til að skoða tjón hvers og eins og í framhaldi af því verður haft samband við þá sem hugsanlega eiga rétt á bótum og kannað hvort viðkomandi óski aðstoðar við umsókn. Rétt er að taka fram að þessi vinna getur tekið nokkrar vikur enda starfssvæðið orðið stórt.

Nokkrar breytingar hafa orðið á bótareglum Bjargráðasjóðs og má nálgast upplýsingar um þær á heimasíðu þeirra, um verðlagningu tjóna; [www.samband.is](http://www.samband.is). Þar kemur fram að bótaflokkum hefur verið fækkað og kerfið einfaldað, en meginbreytingin er þó sú að nú er aftur horfið til þess sem áður var í eigin áhættu, þ.e.a.s. að reiknuð sameiginleg eigin áhætta gripa- og afurðartjóns verður 5% af bústofni. Lágmark eigin áhættu er 40.000 krónur en ekkert hámark er á eigin áhættunni en í fyrra var eigin áhætta 100.000 kr. á öll bú óháð stærð búa. Þá er rétt að undirstrika að bætur eru nú mjög ríflegar miðað við það sem áður var þar sem stefnt er að því að loka þessum hluta Bjargráðasjóðs (hvað nautgriparækt varðar) frá og með áramótunum 2007/2008 enda er útstreymi úr sjóðnum í nautgriparækt líklega fimm sinnum meiri en innkoman.

## Umsóknir um framlög til þróunar- og jarðabóta á lögbýlum

Umsóknarfrestur um framlög til þróunarverkefna og jarðabóta samkvæmt Búnaðarlagasamningi fyrir árið 2007 er til 1. mars n.k. Umsóknareyðublöðin og reglurnar má nálgast bæði á heimasíðu BV, [www.buvest.is](http://www.buvest.is) og á heimasíðu BÍ, [www.bondi.is](http://www.bondi.is). Einnig er hægt að fá eyðublöðin á skrifstofu BV. Umsóknum skal skilað til viðkomandi héraðsráðunauta.

Sú breyting hefur verið gerð frá fyrri árum að ekki skal á þessum tímamarki sækja um nokkra flokka sem þó eru styrkhæfir. Þessir flokkar eru: Kornrækt, beitarstjórnun og landnýting, framræsla og kölkun. Sækja skal um þessa flokka síðar í sumar á sérstöku eyðublaði eða með rafrænu útfyllingarformi á heimasíðu BÍ [www.bondi.is](http://www.bondi.is) og skal sú umsókn jafngilda beiðni um úttekt í viðkomandi flokki. Umsóknarfrestur í þessa flokka verður auglýstur síðar.

Árið 2007 verða veitt framlög til eftirfarandi verkefna:

1. Endurræktun vegna aðlögunar að lífrænum búskap
2. Umhverfis- og þróunarverkefni í garðrækt/ylrækt
3. Kornrækt (beiðni um úttekt að hausti jafngildir umsókn)
4. Beitarstjórn og landnýting (beiðni um úttekt að hausti jafngildir umsókn)
5. Umhverfis- og fegrunarátak í sveitum
6. Verkefni tengd búfjárhaldi og vinnuaðstöðu
7. Viðhald framræslu lands vegna ræktunar (beiðni um úttekt að hausti jafngildir umsókn)
8. Kölkun túna (beiðni um úttekt að hausti jafngildir umsókn)

Að auki er hægt að sækja um tvo flokka á sama eyðublaði sem ekki falla undir Búnaðarlagasamning. Það eru annarsvegar framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga:

9. Framlög til stofnframkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum

og hinsvegar framlög úr aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða:

10. Fjárfestingar í lýsingarbúnaði í yl rækt.

## Breytt kjör vegna sæðinga

Ákveðið hefur verið að taka til reynslu sérstakan afslátt á sæðingagjöldum fyrir þá kúabændur sem sinna skýrsluhaldi óaðfinnanlega. Afslátturinn nemur kr. 300,- frá auglýstri gjaldskrá fyrir hverja sæðingu. Afsláttur vegna kvígusæðinga hjá skýrsluhöldurum verður áfram í gildi. Heimsóknargjald helst óbreytt. Forsenda þess að njóta afsláttarkjaranna er að bændur uppfylli eftirfarandi skilyrði:

1. Rétt útfylltar skýrslur hvers mánaðar verði komnar á skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir 7. dag næsta mánaðar.
2. Sýni (kýr-sýni) verði tekin til efnagreininga a.m.k. 8 sinnum á ári.

Ákveðið hefur verið að til reynslu verði gjald á sæddar kýr þar sem ekki er mjólkurframleiðsla kr. 1850 (án vsk) auk heimsóknargjalds kr. 800 fyrir hverja heimsókn. Þetta er verulegur afsláttur frá gjaldskrá og sama gjald og þeir mjólkurframleiðendur sem ekki færa skýrslur njóta. Áfram verður tekið gjald fyrir sæði úr holdanautum.

Fyrirhugað er að þessar breytingar taki gildi miðað við 1. janúar s.l. fyrir þá aðila sem eru með skýrsluskil í lagi núna. Nánari útfærsla verður kynnt skýrsluhöldurum í bréfi sem þeim verður sent á næstunni.

Bændum sem panta nautgripasæðingar á Snæfellsnesi er bent á að nota símanúmerið **437-0135**. Bændur eru hvattir til að koma því þannig fyrir að nautgripasæðingar vegna samstillinga verði ekki um helgar og einnig að fangskoðun fari fram á virkum dögum ef kostur er. Þessi tilmæli eru vegna meiri kostnaðar um helgar.

## Góður árangur kúabúa á svæði BV

Í nýuppfærðum lista BÍ um nythæstu búin á landinu kemur fram að 3 af 5 nythæstu búunum eru á starfssvæði BV. Það eru Stakkhamar, Efri-Brunná og Hraunháls. Þetta eru allt bú með um og yfir 7500 lítra á árskú. Þá eru tvær af 5 nythæstu kúm landins á Vesturlandi. Það eru Subba frá Kvinnabrekku sem raufr 13 tonna múrinn og Sól frá Heggstöðum sem fer yfir 11 tonn. Sérstaka athygli vekur að Sól er vel yfir landsmeðaltali í próteini með 3,52%.

## Gæðastýring í sauðfjárrækt - forðagæsla

Nú er komið að því að búfjárefirlitsmenn fara af stað í vorskodunarferðir. Við vorskodun þurfa þátttakendur í gæðastýringu í sauðfjárrækt að hafa í lagi skráningu á öllum skyldueyðublöðum fram til skoðunardags.

Það sem þarf að vera til staðar:

- Túnakort – uppdráttur eða túnaskrá, þar sem fram koma upplýsingar um túnspildur og stærð þeirra. (Eyðublað, grunnupplýsingar 5-A, má nálgast á sama stað og önnur eyðublað)
- Grunnupplýsingarblöðin 1-A, 2-A, 3-A og 4-A
- Skráningarblöðin sem skrá þarf árlega: Atburðir 1-A, Beit 1-A eða Beit 2-A, Jarðrækt 1-A og Uppskera 1-A, Fóðrun 1-A, Fóðrun 2-A, Aðstæður 1-A og Aðstæður 2-A, Lyf 1-A, Lyf 2-A, Lyf 3-A og Lyf 4-A.

Eyðublaðin má nálgast á heimasíðu BÍ. ([www.bondi.is](http://www.bondi.is)) og BV ([www.buvest.is](http://www.buvest.is)) undir liðnum eyðublað eða á skrifstofum BV síma 437 1215 eða 456 3773. Í fyrra voru eyðublaðin send frá B.Í. til allra þátttakenda í gæðastýringunni, ekki liggur fyrir hvort svo verður í ár en vonandi þó.

Þegar búfjárefirlitsmaður kemur í vorskodun á gæðahandbókun að vera á vísun stað og tilbúin til skoðunar, öll eyðublað skulu útfyllt fram að þeim tíma, þ.e. frá síðustu skoðun. Athugið að ef útfyllingu er ábótavant kostar það annaðhvort aukaferð skoðunarmanns á kostnað bónda eða að bóndi þarf að gera sér ferð á skrifstofu BV til að ganga frá skráningu.

## Sauðfjársæðingar - Brúsar og glös

Ef einhversstaðar liggja enn brúsar og/eða glös vegna sauðfjársæðinga í desember eru viðkomandi beðnir um að senda það á skrifstofu BV sem fyrst. Sauðfjársæðingar á vegum Sauðfjársæðingastöðvar Vesturlands gengu ágætlega í desember. Alls voru sæddar 13.885 ær frá stöðinni sem er rúmum 1.000 ám færra en í fyrra en samt það næst mesta til þessa. Mest sæði var pantað úr Kveik, Fróða, Ljúfi og Mána en mest sent út úr Kveik, Hyl, Fróða, Lómi, Ljúfi og Frakksyni. Aðrir hrútar sem gáfu meira en 1.000 skammta eru Mímir, Bramli og Máni. Yfirlitstöflur um sauðfjársæðingar hjá Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands má finna á heimasíðu Búnaðarsamtaka Vesturlands, [www.buvest.is](http://www.buvest.is).

## Dómablöð - Afkvæmarannsóknir

Síðastliðið haust voru dómablöð skilin eftir hjá allnokkrum bændum til nánari úfyllingar. Enn eiga nokkrir þeirra eftir að skila þessum blöðum (frumritum) til okkar útfylltum og eru þeir beðnir um að gera það strax. Ef enn eru einhverjir sem ætluðu að gera upp styrkhæfar afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt og hafa ekki skilað gögnum til úrvinnslu hjá BV eða fullbúnum rannsóknnum sjálfir, eru þeir beðnir að koma gögnum til BV sem allra fyrst.

## Fjárnætur – Fjárnætur, lokaskil 1. mars

Síðasti skiladagur á fjárnætur nálgast óðum hjá þeim sem eru í gæðastýrðri sauðfjárrækt. Þeir sem ekki skila fyrir þann tíma falla sjálfkrafa út úr gæðastýringunni og verða þar með af gæðastýringarálagi þessa árs auk jöfnunargreiðslna ef jöfnunargreiðslugrunnur er til staðar fyrir búin á annað borð. (Ath – aldrei er greitt álag fyrir holdfyllingarflokk P og fituflokka 4 og 5). **Látið það ekki henda ykkur að falla úr gæðastýringu vegna síðbúinna skila fjárnætur.**

**Athugið að vel færðar og læsilegar fjárnætur skila réttari niðurstöðum.** Nánari leiðbeiningar um skráningu í lambabók, gulu bókinu og í fjárnætur hafa verið settar inn á heimasíðu BV undir liðinn Ráðgjöf/sauðfjárrækt/skýrsluhald.

## Alhliða námskeið í fagforritum Bændasamtaka Íslands og frumsýning á fjárvís.is, nýju skýrsluhaldsforriti í sauðfjárrækt

Bændasamtök Íslands í samstarfi við Búnaðarsamtök Vesturlands munu bjóða bændum á Vesturlandi og Vestfjörðum upp á alhliða námskeið í fagforritum BÍ og almennri tölvunotkun. Fagforrit BÍ eru fjárvís.is, dkBúbót, Ískýr, Huppa, Mark, NPK og WorldFengur. Einnig verður boðið upp á vírusleit og yfirferð á tölvubúnaði auk leiðbeininga við ýmsa aðra þætti tölvunotkunar eftir því sem þekking leiðbeinenda leyfir.

### Námskeiðin verða haldin eins og hér segir:

27. febrúar, Hvanneyri, Hvanneyrargötu 3, þriðju hæð.

28. febrúar, Hvanneyri, Hvanneyrargötu 3, þriðju hæð.

19. mars, Dalirnir og svæði Búnaðarsambands Vestfjarða (nánar auglýst síðar)

20. mars, Dalirnir og svæði Búnaðarsambands Vestfjarða (nánar auglýst síðar)

21. mars, Dalirnir og svæði Búnaðarsambands Vestfjarða (nánar auglýst síðar)

Námskeiðið er einstaklingsmiðað þannig að kennslan fer eftir þörfum hvers og eins en ekki verður um að ræða samræmdan fyrirlestur eða dagskrá með þeirri undantekningu að hluti kennslu á fjárvís.is verður á fyrirlestraformi enda um algerlega nýtt forrit að ræða. Þeir sem ekki hafa áhuga á þeim fyrirlestri geta samt sem áður nýtt tímann í önnur forrit eða viðfangsefni. Leiðbeinendur á námskeiðunum verða landsráðunautarnir Borgar Páll Bragason og Sigurður Eiríksson og Baldur Óli Sigurðsson, sérfræðingur á tölvusviði BÍ auk héraðsráðunauta. Á námskeiðunum verða því leiðbeinendur með breiðan þekkingargrunn og reynslu í fagforritum bænda, faglegum þáttum búrekstrar auk tölvuvinnslu og tölvusamskipta almennt. Námskeiðin standa frá 9 að morgni til 19 að kvöldi en þátttakendur geta stýtt þann tíma ef þeir kjósa. Námskeiðið kostar 11.000 krónur fyrir hvern þátttakanda og er styrkhæft hjá Starfsmenntasjóði bænda.

**Skráning er á skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands í síma 437-1215** eða með tölvupósti [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is) fyrir mánudaginn 26. feb. Hámarks fjöldi á námskeiði eru 15 manns.

## Hádegisverðarfundur um afkomu kúabúa, þann 7. mars

Miðvikudaginn 7. mars mun Jónas Bjarnason hjá Hagþjónustu Landbúnaðarins halda fyrirlestur um afkomu kúabúa skv. búreikningum. Fundurinn verður á Hótel Borgarnesi og hefst kl. 12.00. Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Búnaðarsamtaka Vesturlands í síðasta lagi þriðjudaginn 6. mars.

## Námskeið um kynbætur sauðfjár

Til stendur að halda námskeið um kynbætur sauðfjár seinnipart marsmánaðar. Námskeiðið sem nær yfir tvo daga verður haldið í Dalasýslu en tími og staðsetning verður auglýst síðar. Á námskeiðinu verður fjallað um kynbætur sauðfjár, ræktunarstarfið almennt í landinu, afkvæmarannsóknir, líflambaval og fleiri skylda þætti. Frummælandi verður Jón Viðar Jónmundsson.

Námskeiðsgjald er 5.000 kr. (aук vsk) á þátttakanda og skráning fer fram á skrifstofu BV í síma 437-1215 eða með tölvupósti [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is). Fjöldi takmarkast við 13-14 þátttakendur.

## Námskeið á vegum endurmenntunardeild LBHÍ

Ýmis áhugaverð námskeið eru í boði hjá endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands á næstunni. Á heimasíðu Lbhí, [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is) má finna nánari upplýsingar um eftirtalin námskeið: Verkun heys í útistæðum, verkun og geymsla korns, aukin verðmæti sláturlamba og grunnnámskeið í rúningi. Einnig má finna fleiri áhugaverð námskeið hjá endurmenntunardeildinni. Skráning á námskeið og almennar upplýsingar um námskeið á vegum endurmenntunardeild LBHI veitir Ásdís Helga Bjarnadóttir, netfang: [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) eða í síma 433-5033.

## Auglýsing

Hef til sölu 10-12 tonn af korni, súrsuðu og völsuðu. Einnig ýmislegt úr mjólkurhúsi, td gler og annað úr rörmjaltakerfi, plötukælir, sogdæla, 600 l mjólkurtankur og fleira.

Upplýsingar gefur Sigurður í síma 435-6679 eða 894-6679.